

Fundargerð

193. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn kl. 13.30 fimmtudaginn 29. júní 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.
2. Sameiginleg umbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitu í Skútustaðahreppi árin 2017-2022, með lagalegum fyrirvörum og fyrirvara um fjárhagslega aðkomu ríkisvaldsins.

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju sinni með þá sameiginlegu framtíðarsýn Sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og rekstraraðila að vera til fyrirmyndar í fráveitumálum til að lágmarka áhrif mannsins á lífríki Mývatns.

Sömmuleiðis lýsir heilbrigðisnefnd ánægju með þá undirbúningsvinnu sem birtist í skýrslu samstarfshóps um Mývatn; ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir (júní 2016) og skýrslu Eflu um fráveitumál við Mývatn; úttekt á núverandi stöðu og tillögur að úrbótum í ljósi ofauðgunar (21. mars 2017).

Í sameiginlegri úrbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila sem barst heilbrigðisnefnd þann 15. júní 2017, kemur fram að gert er ráð fyrir 5 ára framkvæmdatíma og jafnframt kemur fram að fjármögnun framkvæmda liggur ekki fyrir og þá eru gerðir lagalegir fyrirvarar.

Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að fjármögnun til úrbóta skuli ekki vera tryggð til verkefnisins, en bendir jafnframt á að slíkar forsendur geta ekki seinkað kröfum nefndarinnar á sveitarfélagið eða rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur því ekki fallist á umrædda úrbótaáætlun með þeim fyrirvörum sem hún er byggð á.

Heilbrigðisnefnd fer fram á að Sveitarfélagið Skútustaðahreppur og rekstraraðilar skili inn **fjármagnaðri** úrbótaáætlun vegna fráveitumála og er frestur til þess veittur til 15.september n.k.

3. Erindi Umhverfisstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirhugaða stækkun á Hótel Reynihlíð og áform um óbreytta hreinsun skólps þar til önnur lausn verður fundin fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð í Skútustaðahreppi.

Heilbrigðisnefnd hafnar áformum Hótels Reyhliðar um stækkun á hótelinu án þess að frárennsli frá hótelinu verði hreinsað með ítarlegri skólphreinsun en tveggja þrepa eða leitt í lokað fráveitukerfi (safnkerfi).

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Skútustaðir ehf. kt. 650642-0780, Skútustöðum II, 660 Mývatnssveit Gisting fl. II, endurnýjun og br. á eignarhaldi. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
2. Árni Þorbergsson, kt. 190264-3949, Brúnahlíð Þingeyjarsveit. Gisting fl. II.
3. Álfurinn Bæ, kt. 500797-3049, Láfsgerði 650 Laugar. Gisting fl. II. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Emil Tómasson ehf. kt. 590299-3679, Fljótsbakka Þingeyjarsveit. Gisting fl.II. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Friðgeir Sigtryggsson, kt. 310359-4329, Breiðamýri Þingeyjarsveit. Gisting fl. II. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Gunnar Hallgrímsson, kt. 040448-3009, Klambreseli, 641 Húsavík. Gisting fl.II, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Landsnet hf. kt. 580804-2410 Starfsleyfi fyrir tengivirki á Þeistareykjum. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Jóhanna Elín Halldórsdóttir, kt. 230471-5339, Borg, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir snyrtistofuna Sveitasæla á Lamb Inn, Öngulsstöðum, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Ferðafákar ehf, kt. 630514-0960, Kvisti, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir hestaleigu og reiðskóla, Hestaleigan Kátur á Kaupvangsbökkum í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Hestaklettur ehf kt. 580313-0860, Uppsölum 1, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir hestaleigu og reiðskóla á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
11. PrifX ehf kt. 550107-2950, Borgarsíðu 20, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Lækjargötu 14 e.h, 600 Akureyri. **Samþykkt til 15. september n.k. vegna fyrirvara skipulags- og byggingafulltrúa.**
12. Hjallasel ehf kt. 410716-0460, útleiga á sumarhúsi að Syðri-Haga 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Richardshús 1938 slf kt. 591216-1040, tvo minni gistihús í Richardshúsi undir nafninu Viking Country Club-0101 og 0102. **Samþykkt til 12 ára.**
14. K16 Apartment kt. 581088-1409, gistiheimili, Kaupvangsstræti 16, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Neringa ehf kt. 420516-1260, gistiheimili að Stekkjarlæk, 601 Akureyri undir nafninu Hafdals gistiheimilið. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Ragna Erlingsdóttir, kt. 100658-5699, úrvinnsla úr rabarbara, s.s. saft og sultur, brytjun og frysting, einnig bakstur, s.s. fjallagrasabrauð, Þverá Dalsmynni, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Heiðarbyggð, félag sumarhúsaeigenda, í landi Geldingsár, kt. 540502-4980, pósthólf 21, 602 Akureyri, rekstur vatnsveitu (27 til 28 hús tengd). **Samþykkt til 12 ára.**
18. Guðbergur Egill Eyjólfsson, kt. 271171-4639, rekstur á húsdýragarði undir nafninu Daladýrð í Brúnagerði, Fnjóskadal, ásamt sölu á kaffi, ís og sælgæti. **Samþykkt til 1. árs með fyrirvara um lokaúttekt.**

19. Sunnuhlíð-Gestahús ehf kt. 630678-0999, útleiga á tveimur íbúðum (fyrir eru 3 smáhýsi), Sunnuhlíð, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ár með fyrirvara um lokaúttekt.**
20. Landsvirkjun kt. 420269-1299, mötuneyti við Laxárvirkjun. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

Alfreð Schiöth gerði grein fyrir áformum Matvælastofnunar um að kosta og innrétta nýjan sameiginlegan fundarsal að Furuvöllum 1, Akureyri

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.15.

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Hólmfríður G. Jónsdóttir

María Markúsdóttir

Kristín Halldórsdóttir